

## 6. Stjórnarfundur Landssambands ungmannafélaga

14. júní 2018, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:15

**Mætt eru:** Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), Ragnheiður Kristín Finnbogadóttir (RKF), Páll Marís Pálsson (PMP) og Inger Erla Thomsen (IET) í gegnum Skype, ásamt Tinna Isebarn (TI) frkvstj.

*Fundur settur 18:26*

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerðir til samþykktar:

- a. [Fundargerð](#) 1. stjórnarfundar var samþykkt.
- b. [Fundargerð](#) 2. stjórnarfundar var samþykkt.

#### 2. Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:

##### a. Framkvæmd #ÉgKýs 2018:

- i. Fjölbrautaskóli vesturlands tók við [viðurkenningu](#) fyrir mestu þátttökuna í skuggakosningum.
- ii. Niðurstöður skuggakosninga hafa verið birtar á [egkys.is](#).
- iii. Markmiði 7 í [framkvæmdaráætlun](#) stjórnar um að framkvæma #ÉgKýs 2018 er þar með náð.
- iv. TI tók við styrk fyrir #ÉgKýs á [opnum fundi](#) innflytjendasjóðs.

3. **Ný áheyrnaðild Hugrúnar að LUF:** Formanni Hugrúnar hefir borist bréf um að umsóknin hafi verið samþykkt. TI var falið að skrifa [tilkynningu](#).

4. **Þátttaka LUF á opnum [fundi mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar um kosningaþátttöku](#):** TI segir frá fundi og erindinu sem hún hélt fyrir hönd LUF.

5. **Kæra vegna RSK málsins:** SHB kynnir drög að kærnu sem var lögð til umræðu og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. TI var falið að póstsenda kærnu ásamt fylgigögnum fyrir þann 16. júlí.

6. **Úthlutun úr Æskulýðssjóði:** Félög hafa sett sig í samband við LUF vegna umsókna í fyrra úthlutunarferli Æskulýðssjóðs 2018, enn hafa ekki borist svör við umsóknum. Vegna skilgreiningarvanda á „Æskulýðsfélagi/samtökum“ hafa félög kannað möguleikann á að sækja um aðild að LUF til að falla undir þá skilgreiningu. Vegna þess hefur Samfés óskað eftir aðstoð frá LUF fái þau neikvætt svar frá Æskulýðssjóði og var sú beiðni samþykkt.

#### 7. Leiðtogaskólinn:

- a. Fjármögnun: Beiðni er eftir svörum frá Æskulýðssjóði og rætt var um aðrar mögulegar fjármögnunarleiðir.
- b. Dagsetningar: TI var falið að setja upp aðgerðaráætlun með tímaramma.
- c. Fjallað var um mögulegan verndara skólans og lagt var til að setja saman beiðni um slíkt.

- d. LMJ lagði til að samræma tengslanetaviðburðinn og Leiðtogaskólann með einhverjum hætti og var það samþykkt.

**8. Alþjóðamál:**

- a. MÖÓ lagði fram skýrslu til stjórnar um þátttöku hans á „**Nordic Youth Conference**“ í Svíþjóð.
- b. RKF lagði fram skýrslu til stjórnar um „**European Sustainability Week**“ og **málþing um Heimsmarkmiðin og borgarþróun** sem hún sótti í Berlín.
- c. „**UN Youth Delegation Programme**“: RKF lagði til næstu skref og var TI falið að senda fundarbeiðni á Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

**9. Næsti stjórnarfundur:** 12. júlí kl. 18:15.

**10. Önnur mál:**

- a. Ákveðið var að stjórn hittist í óformlegan kvöldverð annað kvöld.
- b. TI fer í sumarfrí 25. júní - 6. júlí.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:49*

*TI ritaði fundargerð.*